

GJALDSKRÁ

fyrir meðhöndlun úrgangs og gámasvæði í Sveitarfélaginu Ölfusi.

1. gr.

Sveitarfélagið Ölfus annast rekstur á söfnunarstöð úrgangs (gámasvæði) í sveitarfélaginu. Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss skal innheimta gjald samkvæmt gjaldskrá þessari fyrir meðhöndlun úrgangs samkvæmt samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Sveitarfélaginu Ölfusi.

2. gr.

Allir fasteignaeigendur í Sveitarfélaginu Ölfusi taka þátt í föstum kostnaði við meðhöndlun úrgangs af rekstri grenndarstöðva og söfnunarstöðva (gámasvæðis) sem veitir gjaldfrjálsan aðgang að gámasvæði Sveitarfélagsins Ölfuss með úrgang sem skilgreindur er gjaldfrjálss sem og úrgang sem ber úrvinnslugjald. Á það jafnt við um íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði.

3. gr.

Greiða þarf samkvæmt neðangreindri gjaldskrá vegna móttökustöðvar í Sveitarfélaginu Ölfusi (gámasvæðis). Greitt er fyrir móttöku á öllum gjaldskyldum úrgangi eftir rúmmáli (sjónmælt). Öll verð eru án virðisaukaskatts.

Almenn gjaldskrá á gámasvæði Sveitarfélagsins Ölfuss		
Athygli er vakin á að einungis er tekið er við rafrænum greiðslum eða að fyrirtæki eru í reikningsviðskiptum.		
Alltaf skal hafa samráð við starfsmenn um flokkun úrgangs.		
Gjaldskyldur úrgangur - gjald er tekið eftir rúmmáli	Eining	Gjald
Grófur úrgangur s.s. plasthúsgögn, dýnur, húsgögn og annað óflokkað	kr./0,25 m³	2.200
Almennt heimilissorp – blandaður úrgangur	kr./0,25 m³	2.000
Garðaúrgangur s.s. trjágreinar, gras, arfi og lauf	kr./0,25 m³	300
Gifs og gifsplötur frá framkvæmdum	kr./0,25 m³	2.200
Gler, postulín, kermik og flísar	kr./0,25 m³	500
Jarðvegur – grjót, möl og önnur steinefni	kr./0,25 m³	500
Hreint timbur	kr./0,25 m³	600
Málað timbur	kr./0,25 m³	1.150
Gjaldfrjáls úrgangur – afsetning er hluti af föstu gjaldi eða ber úrvinnslugjald	Eining	Gjald
Umbúðir úr sléttum pappa	kr./0,25 m³	0
Plastumbúðir	kr./0,25 m³	0
Heyrúlluplast	kr./0,25 m³	0
Bylgjupappi	kr./0,25 m³	0
Hjólbarðar	kr./0,25 m³	0
Raftæki	kr./0,25 m³	0
Spilliefni	kr./0,25 m³	0
Málmar	kr./0,25 m³	0
Dagblöð, tímarit og skrifstofupappír	kr./0,25 m³	0
Föt og textíll	kr./0,25 m³	0
Rafhlöður	kr./0,25 m³	0
Rafgeymar	kr./0,25 m³	0
Kælimiðlar	kr./0,25 m³	0
Önnur gjöld	Eining	Gjald
Tunnugjald: Nýjar 120 l lífrænar tunnur	kr./ílát	15.060
Tunnugjald: Nýjar 240 l lífrænar tunnur	kr./ílát	20.780

Tunnugjald: Nýjar 240 l tunnur	kr./ílát	20.780
Tunnugjald: Ný 360 l ker	kr./ílát	Sérpöntun
Tunnugjald: Ný 660 l ker	kr./ílát	82.400
Útkeyrslugjald tunnur	kr./ferð	3.100
Útkeyrslugjald ker	kr./ferð	6.200
Teygjufesting á lok í lausasölu	stk.	1.000
Lok á tunnur 120 l	stk.	2.080
Lok á tunnur 240 l	stk.	2.080
Lok á tunnur 360 l	stk.	Sérpöntun
Lok á tunnur 660 l	stk.	10.330
Aðrir varahlutir, s.s. hjól á tunnur, rukkað skv. kostnaðarverði		

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss, staðfestist hér með, skv. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis, nr. 1296/2018.

Þannig samþykkt í bæjarstjórn, 12. desember 2024.

Elliði Vignisson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 7. janúar 2025